# ÓVERULEG BREYTING Á AÐALSKIPULAGI SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2004-2016 - BRAUTARHOLT




Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 - 2016 m.s.br., þéttbýli Brautarholt - mkv. 1:10.000 - fyrir breytingu




Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 -2016, dreifbýli, ekki í mkv.

## GREINARGERÐ:

Í samræmi við 2. mgr. 36. greinar Skipulagslaga nr. 123/2010, óskar sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftir samþykki á óverulegri breytingu Aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

**Forsendur breytingar:**

Aðalskipulagsbreyting sem fjallaði um þéttbýlið Brautarholt var samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps 10. ágúst 2010 og staðfest af ráðherra 4. október 2010. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (HS) gerði athugasemd við deiliskipulagstillögu sem auglýst var í kjölfar aðalskipulagsbreytingarinnar. Athugasemdin er dagsett 11. janúar 2011 og þar kemur fram að HS telji staðsetningu rotþróar / hreinsivirkis of nálæga íbúðarhúsum.

Sú óverulega breyting aðalskipulagsins sem hér er sýnd er gerð í ljósi ofannefndra athugasemda HS. Breytingin hefur það að markmiði að færa rotþró / hreinsivirki fjær íbúðarbyggð, skv. tilmælum HS. Aðalskipulagsbreytingin nær til svæðis fyrir rotþró / hreinsivirki, um 2.300m² svæði sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði, við þéttbýlið Brautarholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Efnislega er breytingin eftirfarandi:
- Þar sem áður var gert ráð fyrir ,,Iðnaðarsvæði" (rotþró / hreinsivirki) verður að ,,Opnu svæði til sérstakra nota".
- Þar sem nú er gert ráð Iðnaðarsvæði (rotþró / hreinsivirki) var áður ,,Opið svæði til sérstakra nota".

Færsla hreinsivirkisins er um 180m til suðurs, en stærð svæðisins helst óbreytt. Að áliti sveitarstjórnar er hér um að ræða hagræðingu sem verður til hagsbóta fyrir íbúðarsvæði í Brautarholti án þess að hafa áhrif á önnur svæði. Hér sé því um óverulega breytingu á aðalskipulagi að ræða.

Að öðru leyti helst aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps óbreytt.

Aðalskipulagsbreyting þessi er óveruleg skv. 2. mgr. 36.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 5/4 2011

Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun þann 14/7 2011




Skýringar með Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016




Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 - 2016, þéttbýli Brautarholt - mkv. 1:10.000 - eftir breytingu

Aðalskipulagsbreyting þessi er unnin á grunni aðalskipulags sem unnið var af Landslagi ehf og Milli fjalls og fjöru skipulagsráðgjafa og staðfest var í B-deild Stjórnartíðinda 27.4.2006. Upprunalegur kortagrunnur er frá Landmælingum Íslands og er í ISN93. Breyting þessi er unnin af Landform ehf.

**SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR**
Óveruleg breyting á aðalskipulagi við Brautarholt

| | |
|---|---|
| Mkv. 1:10.000 í A2 | Teikning nr:001 |
| Dags. teikn: 20. apríl 2011 | Hannað af: |
| Teikn. breytt: | Teiknað af: sg |
| Verknúmer: 207-016 | Yfirl. / Undirskr.: |


LANDFORM
LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFOSS, s/482 4090 fax/482 3542, landform@landform.is